

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups Íslands um breytingu á sóknaskipun og prestakallaskipun í Árnesprófastsdæmi:

Með vísun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 28. f. m., og til samþykktar héraðsfundar í Árnesprófastsdæmi, samþykktar safnaðafunda í Hrepphólasókn og Stóra-Núpsókn í Árnesprófastsdæmi, fellst ráðuneytið hér með á, samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla, prófastsdæma og kristnisjóð, eftirfarandi breytingu á sóknaskipun í Árnesprófastsdæmi: Að Hrepphólasókn verði skipt um Stóru-Laxá, sem eru hreppamörk milli Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps, þannig, að sá hluti sóknarinnar, sem er í Gnúpverjahreppi sameinist Stóra-Núpsókn, en hinn hluti sóknarinnar, sem er í Hrunamannahreppi, verði sérstök sókn, Hrepphólasókn. Jafnframt að Hrepphólasókn verði látin tilheyra Hrunaprestakalli í stað Stóra-Núpsprestakalls.

3. desember 1974.

Nr. 376.

SAMÞYKKT

um hundahald á Bíldudal.

1. gr.

Hundahald er bannað á Bíldudal.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Árlega skal sveitarstjórn greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir þessu gjaldi.
- c. Skyld er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannaferi, heldur vera í taumi, í fylgd aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli er um hönd höfð.
- e. Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða, þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé í Suðurfjarðahreppi starfrækt hundageymsla, skal hundinum komið fyrir þar, sé um minni háttar brot í fyrsta sinn að ræða. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hundinn þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé hundageymsla ekki starfrækt í Suðurfjarðahreppi, eða sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahaldsins.